

11

26. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrri málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi, á svæðinu frá Eystra-Horni sunnan um land að Straumnesi, skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember, og á svæðinu frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. maí til 30. september ár hvert.

2. gr.

Í stað „5000—10000 gullkróna“ í 3. gr. laganna komi: 2500—5000 gullkróna.

3. gr.

Síðasti málsl. 6. gr. laganna („Aldrei má þó“ og til enda) falli niður.

4. gr.

Í stað 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um möskvastærð dragnóta, svo og um lágmarksþyngd þess fiskjar, sem veiddur er í dragnót og hafður er til sölu.

5. gr.

Síðari málsl. 9. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 19. júní 1933 og lög nr. 15 1935.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 55 7. maí 1928 og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 26. apríl 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.